



27. júní 2002

Er samdráttarskeiðinu að ljúka?

Ný spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir að það samdráttarskeið sem hér hefur gætt að undanförmu sé á hröðu undanhaldi og að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar, jafnvel þótt ekki sé reiknað með nýjum framkvæmdum við uppbyggingu stóriðju. Þetta mat Þjóðhagsstofnunar er í meginatriðum í samræmi við þá skoðun fjármálaráðuneytisins, sem m.a. hefur komið fram á þessum vettvangi, að þær umfangsmiklu breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi efnahagsmála á undanförmu árum hafi aukið sveigjanleika íslensks efnahagslífs og gert því kleift að laga sig hraðar að breyttum aðstæðum en áður tíðkaðist.

Þróun efnahagsmála síðustu misseri staðfestir þessa skoðun þar sem bæði virðist samdráttarskeiðið ætla að verða mjög skammvinnu og eins hafa hin efnahagslegu umskipti verið mun snarpari en flestar efnahagsspár gerðu ráð fyrir. Þetta er hvað greinilegast í utanríkisviðskiptum þar sem viðskiptahallinn gagnvart útlöndum hefur farið úr tæplega 80 milljörðum króna árið 2000 í rétt um 8 milljarða króna samkvæmt nýrri spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2002. Til marks um þessi öru umskipti má nefna að í spá Þjóðhagsstofnunar sem birt var í desember sl. var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn gæti numið um 40 milljörðum króna á árinu 2002. Þessi þróun endurspeglar m.a. sveigjanleika hins íslenska hagkerfis.

Fróðlegt er að skoða helstu skýringar á þessum viðsnúningi. Í fyrsta lagi má nefna almenna metnun jafnt heimila sem fyrirtækja hvað varðar útgjöld, jafnt til fjárfestinga sem neyslu, eftir uppsveiflu undanfarinna ára. Á stöðnunar- og erfiðleikatímabilinu á árunum 1991-1994/5 varð til uppsöfnuð útgjaldabörf í þjóðfélaginu sem hlaut fyrir eða síðar að fá útrás. Það gerðist á árunum 1996-2000, bæði hvað varðaði aukna fjárfestingu, ekki einungis í stóriðju heldur einnig og ekki síður í almennum fyrirtækjarekstri. Eins jukust fjárfestingar heimila í fasteignum verulega auk þess sem útgjöld til kaupa á varanlegum og hálfvaranlegum neysluvörum tóku verulega við sér eftir nokkurra ára lægð. Hverjar eru helstu skýringar á þessari þróun? Stóraukinn kaupmáttur heimilanna er auðvitað mikilvæg skýring. Batnandi afkoma fyrirtækja er önnur skýring. Þriðja skýringin felst í þeim breytingum sem orða á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja á þessum árum, ekki síst hvað varðar aðgang, jafnt fyrirtækja sem einstaklinga, að fjármagni, innanlands sem erlendis.

Fjármálaráðuneytið er í meginatriðum sammála spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2003 sem gerir m.a. ráð fyrir 2½% hagvexti. Nú þegar eru komnar ákveðnar vísbendingar um viðsnúning í efnahagslífinu ef marka má tölur um innflutning síðustu tvo mánuði. Þessi þróun er þó óviss og enn getur brugðið til beggja átta. Óvissuþættimur snúa að mati ráðuneytisins flestir upp á við.

Í fyrsta lagi má nefna að mat Þjóðhagsstofnunar á aflahorfum á næsta ári er fremur varfærnislegt þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstökum samsetningarbreytingum í framleiðslu og útlutningi sjávarafurða heldur einungis að framleiðslan verði óbreytt, líkt og úthlutun aflakvóta gerir ráð fyrir. Þróun undanfarinna ára gefur tilefni til að ætla að búast megi við einhverri framleiðsluaukningu umfram það sem felst í úthlutun aflakvóta, t.d. vegna aukinnar framleiðslu uppsjárvarfisks til mannelis á kostnað bræðslufisks.

Í öðru lagi er spurning hvernig meta á samspil kaupmáttaraukningar og einkaneysluútgjalda heimilanna. Mikil skuldasoöfnun heimilanna á undanförmu misserum gefur vissulega tilefni til varkárni í mati á útgjaldabróuninni. Á hinn bóginn er rétt að horfa til þess að einkaneysla hefur

dregist saman tvö ár í röð auk þess sem spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist um tæplega 2% á mann á sama tíma og einkaneysla á mann stendur í stað. Spurningin er hvort raunhæft sé að gera ráð fyrir svo mikilli sparnaðaraukningu.

Í þriðja lagi er rétt að vekja athygli á því að spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir verulegri aukningu í fjárfestingu á árinu 2003, eða sem nemur um 10% frá árinu 2002. Þessi aukning kemur í kjölfar nálægt 20% samdráttar næstu tvö ár á undan og er helsta skýring á auknum hagvexti á næsta ári. Hér gætir að einhverju leyti áhrifa vaxtalækkananna að undanförmu en einnig má ætla að nýlegar ákvarðanir stjórnvalda um miklar skattalækkanir á fyrirtækjum ráði hér einhverju um. Jafnvel má telja að hér sé fremur um vanmat en ofmat að ræða.

Öll þessi atriði hníga frekar í átt til þess að hagvöxtur kunni að verða meiri en minni á næsta ári en Þjóðhagsstofnun spáir. Jafnframt gæti samdrátturinn á yfirstandandi ári orðið minni og jafnvel enginn þegar upp er staðið. Ein afleiðing slíkrar þróunar er að viðskiptajöfnuður yrði heldur óhagstæðari. Við þessar aðstæður er brynt að fylgja aðhaldssamri stefnu í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, m.a. í fjárlagagerð næsta árs

Breytt verkaskipting á sviði efnahagsmála

Hinn 1. júlí 2002 verður Þjóðhagsstofnun lögð niður og verkefni hennar færð til Hagstofu og fjármálaráðuneytisins. Þjóðhagsreikningar, skýrslugerð um atvinnuvegina og önnur verkefni sem lúta að upplýsingum um líðinn tíma verða framvegis unnin á Hagstofunni. Þeim verkefnum Þjóðhagsstofnunar sem snúa að líðandi stund og framtíðinni verður hins vegar sinnt af efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þar á meðal má nefna reglubundið mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum, jafnt fyrirtækja sem heimila, vinnumarkaði, utanríkisviðskiptum, þróun á alþjóðavettvangi o.fl. Efnahagsskrifstofan mun einnig hafa umsjón með ýmsum líkönum sem Þjóðhagsstofnun hefur séð um til þessa, svo sem þjóðhagslíkani, skatta- og lífeyrisslíkani, sjávarútvegslíkani o.fl. Þessi verkefni koma til viðbótar þeirri vinnu sem efnahagsskrifstofan hefur sinnt til þessa, en þar hefur umsjón með tekjuáætlun fjárlaga og vinna í tengslum við margvíslegar skattabreytingar vegið þungt.

Stefnt er að því að sem allra minnst röskun verði á þeirri þjónustu sem Þjóðhagsstofnun hefur hingað til veitt og reynt að leysa úr öllum fyrirsprungum sem kunna að berast. Athygli er vakin á því að vefsíða stofnunarinnar (www.ths.is) verður áfram virk og þar verða leiðbeiningar um hvar viðkomandi upplýsingar er að finna.

Í meginatriðum er gert ráð fyrir að ráðuneytið birti endurskoðaða þjóðhagsspá með sama hætti og verið hefur, þ.e. með ítarlegri greinargerð vor og haust en á styttra formi í desember og júní. Eins og áður hefur komið fram mun ráðuneytið leitast við að tryggja aðgengi utanaðkomandi aðila, svo sem fjármálastofnana, aðila vinnumarkaðarins o.fl., að forsendum spánna sem og þeim spálikönum sem notast verður við, m.a. með birtingu þeirra á netinu. Jafnframt mun ráðuneytið leita eftir nánú samráði við þessa aðila við undirbúning spánna. Að mati ráðuneytisins munu slík vinnubrögð geta stuðlað að uppbyggilegri og jákvæðri umræðu um efnahagsmál.

Sumarfrí

Vefrit Fjármálaráðuneytisins, *fjr.is*, mun næst koma út fimmtudaginn 1. ágúst.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	5,0	5,6
Tekjuskattar	16,4	7,4
Tryggingagjöld	8,1	10,4
Eignarskattar	14,3	-1,9
Veltuskattar	-3,5	4,0
Tekjur alls	6,2	6,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	2,8	19,2
Félagsmál	19,9	12,4
Atvinnumál	27,4	2,0
Vaxtagjöld	39,3	6,7
Önnur útgjöld	52,5	6,0
Gjöld alls	22,4	10,5

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí		
	2001	2002
M.kr.		
Tekjur umfram gjöld	-5.107	-8.878
Hr. lánsfjárföfnuður	-7.222	-8.167
Alborganir lána	-21.545	-18.348
Br. lánsfjárföfnuður	-35.017	-30.265
Lántökur	34.047	28.324
Greiddsluafkoma	-971	-1.941

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- júní	6,8	4,8
Kjarnaverðb.- júní	6,8	6,8
Launavísitala- maí	8,0	7,5
Heildarvelta jan-feb	10,3	14,1
Smás.velta jan-feb	4,1	8,1
Atvinnuleysi- maí	1,6	2,5